



254. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 11. maí 2017 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðaði: Hafsteinn Pálsson ritari, Örn Andrésson, Þráinn Hafsteinsson. Ingi Þór Ágústsson tók þátt í fundinum í gegnum fundarsíma.

Dagskrá:

Forseti setti fund og bauð fundarmenn velkomna, ekki síst þá sem nýjir eru í stjórn. Hann skýrði frá því að hann yrði fjarverandi í nokkrar vikur frá seinni hluta maímánaðar vegna skurðaðgerðar sem hann þarf að gangast undir.

1. Skipan í nefndir og ráð ÍSí

Forseti lagði fram tillögur að skipan í embætti, sviðsráð og nefndir. Einróma samþykkt að Sigríður Jónsdóttir gegni embætti varaforseta, Gunnar Bragason embætti gjaldkera og Hafsteinn Pálsson embætti ritara.

Eftirfarandi tillögur um skipan í sviðsráð og nefndir voru samþykktar einróma:

Afreks- og Ólympíusvið ÍSí:

Örn Andrésson formaður, Jón Finnbogason, Guðmundur Ágúst Ingvarsson og Þórey Edda Elísdóttir.

Almenningsíþróttasvið ÍSí:

Garðar Svansson formaður, Hafsteinn Pálsson og Ása Ólafsdóttir.

Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí:

Þráinn Hafsteinsson formaður, Ingi Þór Ágústsson og Úlfur H. Hróbjartsson.

Afrekssjóður ÍSí:

Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen meðstjórnandi, Páll Grétarsson meðstjórnandi og Stefán Konráðsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Fjármálaráð ÍSí:

Gunnar Bragason formaður, Garðar Svansson og Lilja Sigurðardóttir.

Afreksíþróttamiðstöð ÍSí:

Þórey Edda Elísdóttir formaður, Guðmundur Ágúst Ingvarsson varaformaður, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason og Frímann Ari Ferdinandsson.

Heiðursráð ÍSí:

Hafsteinn Pálsson formaður, Ari Bergmann Einarsson, Björg Blöndal, Engilbert Olgeirsson og Helga H. Magnúsdóttir.

Alþjóðanefnd ÍSí:

Lárus L. Blöndal formaður, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason og Hafsteinn Pálsson.

Heilbrigðisráð ÍSÍ:

Ingi Þór Ágústsson formaður. Aðrir nefndarmenn ráðsins verða skipaðir síðar.

Lyfjaráð ÍSÍ:

Davíð Rúrik Ólafsson formaður, Davíð Jónsson, Tómas Þór Ágústsson og Halldór Halldórsson.

Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ:

Áslaug Sigurjónsdóttir formaður, Pétur Gunnarsson og Óskar Þór Ármannsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Laganefnd ÍSÍ:

Snorri Olsen formaður, Arnfríður Einarsdóttir, Davíð B. Gíslason, Guðmundur Pétursson og Jón Finnbogason.

Verkefnasjóður ÍSÍ:

Lárus L. Blöndal formaður, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason og Hafsteinn Pálsson.

Tölvunefnd ÍSÍ:

Örn Andrésson formaður, Andri Stefánsson, Jón Finnbogason, Rúnar Gíslason og Vigfús Þorsteinsson.

Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ:

Nefndin er óbreytt fram yfir Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ 2017. Í henni sitja:

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður, Anna R. Möller og Gígja Gunnarsdóttir.

Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd ÍSÍ:

Viðar Garðarsson formaður, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Páll Kolbeinsson og Ása Ólafsdóttir.

Stýrihópur ÍSÍ og UMFÍ um Felix:

Vigfús Þorsteinsson formaður, Gunnar Bragason, Örn Andrésson. Gunnar Gunnarsson og Helga Jóhannesdóttir eru fulltrúar UMFÍ í hópnum.

Byggingar- og skipulagsnefnd ÍSÍ:

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður, Sigríður Jónsdóttir varaformaður, Gunnar Bragason og Margrét Leifsdóttir. Frímenn Ari Ferdinandsson og Örn Andrésson eru fulltrúar ÍBR í nefndinni.

Ferðasjóður íþróttafélaga:

Ingi Þór Ágústsson formaður, Árni Ólason, Engilbert Olgeirsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jóhann K. Torfason og Þór Ísfeld Vilhjálmsson.

Fulltrúi ÍSÍ í tækninefnd GSSE:

Örvar Ólafsson.

Forseti benti á að reynt hafi verið að gæta kynjajafnréttis við val í nefndir og ráð, eftir því sem kostur var á. Nú stýrir kona Afrekssjóði ÍSÍ í fyrsta sinn og meirihluti sjóðsstjórnar sjóðsins eru konur. Einnig eru nú í fyrsta skipti konur í báðum dómstigum dómstóla ÍSÍ.

Skrifstofu falið að senda listann yfir ofangreint til stjórnarmanna eftir fund til upplýsingar.

2. Ólympísk málefni

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúnings fyrir þau ólympísku verkefni sem framundan eru. Kristján Þór Júlíusson mennta- og menningarmálaráðherra mun verða við setningu leikana og fyrstu keppnisdagana og sækja jafnframt ráðherrafund sem verður haldinn í tengslum við leikana. Gunnar Bragason og Líney Rut Halldórsdóttir munu sækja aðalfund GSSE 29. maí nk.

Smáþjóðaleikar 2017

Brottför á Smáþjóðaleikana er 28. maí nk. Í heildina sækja 200 manns leikana á vegum ÍSÍ.

EYOF 2017

Garðar Svansson og Örvar Ólafsson sóttu aðalfararstjórafund í Györ. Garðar skýrði frá því að aðstaða væri frábær í Ungverjalandi. Hópurinn verður stór að þessu sinni þar sem drengjalandslið karla í handknattleik mun taka þátt í hátíðinni. Allt verður í göngufæri en vistarverur eru íburðarlitlar.

3. Fagsvið ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir, formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta úr starfi sviðsins. Búið var að samþykkja að Birgir Sverrisson myndi sækja námskeið Alþjóðaólympíuakadémiunnar í Ólympíu en hann forfallaðist og er lagt til að Baldvin Fróði Hauksson knattspyrnumaður fari í hans stað. Samþykkt.

Í farvatninu er að útnefna UMSE sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ við fyrsta hentuga tækifæri. Nokkur önnur sambönd eru í undirbúningsferli.

Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ eru í samstarfi við UMFÍ um tvö verkefni; Sýnum karakter og Betra félag. Forseti telur nauðsynlegt að formgera samstarf við UMFÍ með ákveðin langtímamarkmið í huga.

Líney Rut Halldórsdóttir minnti á dagsetningu Sjóvá-Kvennahlaups ÍSÍ sem fer fram þann 18. júní nk. Hún minnti einnig á lokahátíð Hjólað í vinnuna sem verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum 26. maí nk.

4. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Verið er að senda út samþykktar tillögur Íþróttapings ÍSÍ til þeirra sem það varðar. Forseti lýsti yfir ánægju sinni með hversu mikil eining var um stóru ákvarðanirnar sem teknar voru á þinginu, sérstaklega varðandi Afreksstefnu ÍSÍ.

5. Reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ

Reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ lögð fram til samþykktar. Drög að reglugerðinni voru rædd á Íþróttapinginu og engar athugasemdir komu þar fram. Reglugerðin samþykkt samhljóða.

6. Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Nokkrir hnökrar hafa verið á innleiðingu Felix og staðan ekki verið ásættanleg. Nokkrar umræður urðu um kerfið og næstu skref. Þessa stundina er lögð áhersla á að stöðugleikaprófa kerfið og lagfæra galla í kerfinu.

Samþykkt að hafa kynningu á Felix fyrir stjórnarfólk á næsta fundi, ef hægt er.

7. Heiðranir

Á Íþróttapingi samþykkti framkvæmdastjórn að heiðra fráfarandi stjórnarfólk sem hér segir:

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fráfarandi varaforseti var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ.

Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir var sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ.

Gunnlaugur Júlíusson var sæmdur Gullmerki ÍSÍ.

8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 253. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundur Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 8. mars 2017

9. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður 15. júní kl. 16:00.

11. Önnur mál

Gunnar Bragason þakkaði traustið sem honum er sýnt með því að fela honum gjaldkeraembættið. Hann óskaði einnig forseta ÍSÍ alls góðs í þeim læknismeðferðum sem framundan eru.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari